

Grundarfirði 13. júní 2007

Menningarsjóður Vesturlands

Greinagerð vegna verkefnisins Saga og goðsagnir á Snæfellsnesi - leiksýning.

Verkefnið hófst í janúar 2007 með lestri á Bárðar sögu Snæfellsáss. Sagan þótti torskilin og var því ákveðið að vinna nánar með hana og setja upp leik- og margmiðlunarsýningu sem byggði á sögunni. Þó nokkur tími fór í að skoða persónur og að vinna handrit úr sögunni, en að lokum tókst að koma því á það horf sem við vildum. Við sáum að erfitt yrði að gera sögunni skil á leiksviði þar sem stór hluti hennar gerist úti undir beru lofti, í jökli, á heiðum og úti á rúmsjó. Var því ákveðið að sýningin yrði margmiðlunarsýning, þar sem nýtt yrði sú tölvutækni sem við höfum yfir að ráða en jafnframt að á sviðinu yrðu leikarar/sögumenn sem leiddu áhorfendur í gegnum sýninguna.

Í mars var hafist handa við upptökur á atriðum og stóðu tölur yfir fram í apríl. Lokaatriði sýningarinnar er heimsókn Gestis í Raknarhaug sem ákveðið var að útfæra í tölvuleiknum World of Warcraft. Niðurstaðan varð glæsileg sýning þar sem tveir sögumenn leiddu áhorfendur um leyndardóma Bárðarsögu með aðstoð tölvutækninnar.

Í lok apríl fór hópurinn til Svíþjóðar þar sem við heimsóttum vini okkar í Fredrika Bremer Gymnasium. Sýning okkar var hluti af dagskrá alþjóðlegrar leiklistarhátíðar í Kulturhuset í Haninge og sýndum við fyrir fullu húsi miðvikudaginn 3. maí.

Ein sýning var í Fjölbrotaskóla Snæfellinga sunnudaginn 13. maí, en því miður sáu ekki margir sér fært að mæta á þá sýningu, sem má ef til vill skýra með kosningaþreytu landsmanna. Það er aldrei að vita nema sýningin verði tekin upp í haust.

Verkefnið tókst vonum framar og skipti þessi styrkur Menningarsjóðs Vesturlands okkur miklu máli til að gera okkur kleyft að ljúka verkefninu.

Meðfylgjandi eru rekstarreikningur verkefnisins, leikskrá, plakát og ljósmyndir frá vinnu við verkefnið.

Með bestu kveðju

Sólrún Guðjónsdóttir  
Berglind Axelsdóttir  
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir